

Skrifstofa Alþingis,
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2017

Beiðni mín um fund með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Ágætu nefndarmenn,

Hinn 3. apríl sl. óskaði ég eftir að fá fund með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Mér var tjáð símleiðis 9. maí að ég fengi áheyrn nefndarmanna í dag, miðvikudaginn 17. maí. Ég hafði óskað eftir að fá að gera ítarlegri grein fyrir mikilvægum atriðum í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis svo þingmenn gætu fengið fyllri mynd af atburðarrás sem þar er lýst og dregið lærdóm af. Í kjölfarið yrði ég reiðubúinn að svara spurningum nefndarmanna.

Seint í gær fékk ég þau skilaboð að nefndin hefði ákveðið að takmarka tíma minn við 10-15 mínútur. Ég virði tíma nefndarmanna og geri ekki athugasemd við ákvarðanir nefndarinnar þótt ég telji mig ekki geta greint frá öllu því sem skiptir máli á svo stuttum tíma. Því ákvað ég að birta opinberlega framsögu sem ég hafði undirbúið að flytja fyrir nefndinni til upplýsingar fyrir þingmenn og almenning. Vona ég að nefndarmönnum gefist kostur á að kynna sér efnisatriði sem þar koma fram áður en ég mæti fyrir nefndina síðar í dag.

Virðingarfyllst,


Ólafur Ólafsson